

Fjárlaganefnd
Nefndasvið Alþingis
101 Reykjavík



Norðurlandi eystra, 26. nóvember 2020

Efni: Bókun SSNE varðandi fjármál framhaldsskóla á Norðurlandi eystra

Á 18. fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, 25. nóvember 2020 komu skólastjórar framhaldsskólanna á svæðinu, ræddu samstarf þeirra og SSNE. Einnig voru fjármál framhaldsskólanna rædd og ljóst er að verulega hallar á framhaldsskólana á þessu landssvæði varðandi prósentuhækkun framlaga 2020 – 2021. Vegna þessa bókaði stjórn SSNE eftirfarandi:

„Stjórn SSNE mótmælir því harðlega að framhaldsskólar á Norðurlandi beri verulega skertan hlut frá borði í fjárlögum 2021 sé miðað við aðra framhaldsskóla landsins og að þeir raði sér í neðstu sætin séu prósentuhækkanir milli ára skoðaðar. Framhaldsskólarnir gegna mikilvægu hlutverki í landshlutanum og skipta sköpum fyrir lífsgæði og menntun. Stjórn SSNE skorar á ríkisstjórn að standa ekki aðeins vörð um framhaldsskólana, heldur skapa þeim svigrúm til þess að sækja fram.“

Hér með er ofangreindri bókun og áskorun komið á framfæri.

F.h. SSNE

Eyþór Björnsson

Framkvæmdastjóri

Samrit:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Þingmenn NA kjördæmis